

# Ársskýrsla Skaftfells 2020

Unnin af Hönnu Christel Sigurkarlsdóttur



*Skaftfell*

MYNDLISTARMIDSTÖÐ AUSTURLANDS  
CENTER FOR VISUAL ART

## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	1
Stjórnun og umsýsla.....	2
Starfsmannahald.....	2
Listræn stjórn .....	3
Rekstur og fjárhagur .....	3
Tafla 1: Hagnaður/tap síðustu ára .....	4
Húsnæðismál.....	5
Gestavinnustofur og vinnuaðstaða.....	5
Innlent samstarf.....	6
Geirahús og verslun .....	6
Sýningarhald og viðburðir .....	7
Sýningardagskrá í sýningarsal .....	8
Viðburðir .....	11
Fræðslustarfsemi .....	10
Samstarf við skólastofnanir á Austurlandi .....	10
Samstarf við Seyðisfjarðarskóla .....	11
Samstarf við Listaháskóla Íslands.....	11
Námskeið fyrir börn og fullorðna .....	11
Gestavinnustofur .....	12
Umgjörð og fjöldi listamanna .....	12
Umsóknarferli fyrir 2021 .....	12
Hugleiðingar .....	13
Fylgiskjöl .....	13

## Stjórnun og umsýsla

### Starfsmannahald

Í Skaftfelli hafa, undanfarin ár, starfað að jafnaði þrjú starfsmenn í alls 1.8-2.0 stöðugildum: forstöðumaður 0.8-1.0 stöðugildi, fræðslufulltrúi 0.5-0.6 stöðugildi og gestavinnustofufulltrúi 0.5-0.6 stöðugildi.

Í ár voru aðstæður mjög óvanalegar þar sem fyrrum forstöðumaður, Gavin Morrison, lét af störfum vegna persónulegra ástæðna, þann 31. júlí eftir stutta viðdvöl í starfi, og starfsmenn Skaftfells til 5 ára, Hanna Christel Sigurkarlsdóttir og Julia Martin, tóku við forstöðu þann 1. ágúst 2020. Þær deila nú stöðugildi forstöðumanns til helminga (0.4 hvor) auk þess sem þær héldu verkefnastjórstöðu sinni en lækkuðu niður í 0.3 hvor um sig. Stöðugildi þeirra er því nú í heildina 1.4. Stjórn Skaftfells réði þær til tveggja ára.

Starfsmenn Skaftfells árið 2020 voru:

- Gavin Morrison, forstöðumaður, 0.6 starfshlutfall á tímabilinu 1. janúar-31. júlí. Eins og áður kom fram lét hann af störfum 31. júlí.
- Hanna Christel Sigurkarlsdóttir, fræðslufulltrúi, 0.6 starfshlutfall á tímabilinu 1. janúar-31. júlí. Forstöðumaður 0.4 og fræðslufulltrúi 0.3 frá og með 1. ágúst.
- Julia Martin, gestavinnustofufulltrúi, 0.6 starfshlutfall á tímabilinu 1. janúar- 31. júlí. Forstöðumaður 0.4 og gestavinnustofufulltrúi 0.3 frá og með 1. ágúst.
- Unnur Birna Jónsdóttir Backman, sumarstarfsmaður í fullu starfi á tímabilinu 24. júní - 16. ágúst. Ráðin af Seyðisfjarðarkaupstað í gegnum úrræði VMST. VMST greiddi fyrir grunnlaun og Skaftfell og Húshótel bættu ofan á laun skv. launataxta AFL

### Stjórn Skaftfells

Stjórn Skaftfells fundaði þrisvar sinnum með Gavin á árinu og tvisvar sinnum eftir að Hanna og Julia tóku við. Áætlaður er einn fundur í viðbót fyrir árslok. Í byrjun árs samanstóð stjórnin af: Auði Jörundsdóttur, Önnu Eyjólfsdóttur, Fríðu Björk Ingvarsdóttur, Oddnýju B. Danielsdóttur og Jökli Snæ Þórðarsyni.

Tilnefnt er í stjórn á þriggja ára fresti og tilnefningaraðilar eru samkvæmt skipulagsskrá: afkomendur hjónanna Garðars Eymundssonar og Karólínu Þorsteinsdóttur tilnefna einn, bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar tilnefnir einn, Bandalag íslenskra listamanna tilnefnir einn og svokallaður Skaftfellshópur tilnefnir tvo stjórnarmenn.

Ekki var haldinn ársfundur stjórnar á árinu. Þrjú stjórnarmenn sögðu sig úr stjórn: Auður Jörundsdóttir (hóf störf fyrir Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar 2019), Fríða Björk Ingvadóttir (hefur setið í stjórn frá 2014) og Jökull Snær Þórðarson (býr erlendis). Núverandi stjórn er því: Nína Magnúsdóttir, Tumi Magnússon, Anna Eyjólfsdóttir, Oddný B. Danielsdóttir og Garðar Bachmann, sem sitja næstu þrjú árin. Stjórn og starfsmenn Skaftfells vinna eftir skipulagsskrá og starfsstefnu Skaftfells.

## Listræn stjórn

Fagráð hefur verið starfandi frá 2017 og markar það listræna stefnu og grundvallarforsendur varðandi sýningarhald, gestavinnustofur og fræðslustarfsemi. Fagráðið er skipað af Sambandi íslenskra myndlistarmanna, Listaháskóla Íslands og Listfræðifélagi Íslands. Í núverandi fagráði sitja Karina Hanney Marrero, Ólöf Gerður Sigfúsdóttir og Magnús Helgason fyrir árin 2019-2020. Karina Hanney og Ólöf Gerður komu að vali úr umsóknum listamanna í gestavinnustofu fyrir árið 2021 og einu sinni var leitað eftir álitum fagráðsins varðandi sýningartillögu tveggja íslenskra listamanna. Núverandi fagráð líkur störfum í lok þessa árs og vill stjórnin ræða um framhald og tilgang þessa fyrirkomulags áður tilnefnt verður í nýtt fagráð fyrir tímabilið 2021-2022.

## Rekstur og fjárhagur

Fjárhagsstaða Skaftfells var mjög óljós fram eftir ári og var rekstrarstaðan því lengi tvísýn. Miðstöðin fékk ekki úthlutað af fjárlögum eins og fimm síðustu ár (að árinu 2017 undanskildu) vegna mistaka fyrrum forstöðumanns, Gavin Morrison, í umsóknarferlinu. Það hafði þær afleiðingar að á tímabili var óvíst hvort starfsemin gæti haldið áfram óslitið út árið. Skaftfell hlaut hins vegar, síðari hluta árs, viðbótarfjármagn upp á 5 milljónir frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu vegna bágs reksturs sökum kórónuveirufaraldursins. Sótt var um viðbótarfjármagn af fjárlögum fyrir 2021 og var umsókn skilað til fjárlaganefndar 30. september. Unnið er að því að kanna hvort áhugi sé fyrir því hjá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu að gera bundinn samning um viðbótarfjármagn til nokkurra ára.

Ágætlega gekk að afla verkefnastyrkja. Sýningardagskrá Skaftfells hlaut 2,5 milljónir úr Uppbyggingarsjóði Austurlands auk þess sem listfræðsluverkefnið Húsapúsl fékk 600.000 kr. Listfræðsluverkefnið fékk einnig 400.000.- kr. frá List fyrir alla og 500.000 kr. í gegnum BRAS. Myndlistarsjóður styrkti fyrirhugaða vorsýningu Péturs Kristjánssonar um 250.000 kr. en vegna faraldursins frestaðist sú sýning fram á næsta ár. Einnig styrkti sjóðurinn sumarsýningu Ingibjargar Sigurjónsdóttur sem hlaut 300.000 kr. og vetrarsýninguna sem hlaut 250.000 kr. Vetrarsýningunni var einnig frestað fram á næsta ár. Ekki tókst að klára prógrammið fyrir gestalistamenn sem komu í gegnum Norrænu menningargáttina árið 2019 áður en umsóknarfrestur fyrir 2020 rann út og því var ekki sótt um úr sjóðnum fyrir þessu ári. Hins vegar var sótt um fyrir 2021 og hlaut Skaftfell 1.380.000. kr. fyrir þrjú gestalistamenn til að dvelja í 2 mánuði hver á næsta ári.

Í lok árs 2019 voru eftirstöðvar af skuldabréfi nr. 760113 hjá Landsbankanum 3.760.355 kr. Lánið var upphaflega tekið 16. september 2005, alls 8.000.000 kr. til 20 ára. Afborganir klárast árið 2025, vaxtaþrósenta þess er 5,3%. Stjórnin fól forstöðumönnum að kanna hvort bankinn væri viljugur að fella niður lánið og er verið að vinna að því.

Tafla 1: Hagnaður/tap síðustu ára

	2019	2018	2017
Rekstrartekjur	43.241.984	34.686.336	31.390.233
Rekstrargjöld	(32.107.590)	(36.964.774)	(31.129.106)
Vaxtatekjur	8.408	2.741	4.784
Vaxtagjöld	(516.432)	(776.413)	(546.746)
Gengismunur	20.497	(95.429)	40.304
Hagnaður/Tap ársins	10.646.867	(3.147.809)	(228.127)
	2016	2015	2014
Rekstrartekjur	31.300.341	32.111.902	21.696.132
Rekstrargjöld	(34.529.691)	(29.739.815)	(20.509.893)
Vaxtatekjur	25.752	26.950	24.469
Vaxtagjöld	(914.322)	(566.384)	(546.746)
Gengismunur	(273.639)	(56.786)	
Hagnaður/Tap ársins	(4.047.501)	1.775.867	663.962

Frá 2016 hefur Skaftfell stefnt að þó ví að greiða sýnendum þó óknun samkvæmt framlagssamningi SÍM og stuðla þannig að atvinnuuppbyggingu í faginu. Fyrir neðan má sjá yfirlit yfir þóknun til sýnenda og sýningarstjóra síðustu ára.

Tafla 2: Styrkir til listamanna og sýningarstjóra

	2020	2019	2018	2017	2016
Þóknun til sýnenda	817.000	977.000	1.346.000	1.071.000	676.028
Þóknun til sýningarstjóra	586.000	0	800.000	286.770	412.663
Norræna menningargáttin*	-	2.018.337	201.463	629.245	211.105
Goethe-institute Dänemark*	-	-	571.680	168.453	367.318
Erlend samstarfsverkefni*	-	-	745.525	80.961	1.153.972
Alls	1.403.000	2.995.337	3.628.668	2.236.429	2.821.086

\*Ferðakostnaður og ýmis aðkeypt þjónusta vegna erlendra samstarfsverkefna eru ekki talin með árin 2016-2020.

## Húsnæðismál

Ekki var farið í neinar framkvæmdir á árinu enda fjármögnun ekki fyrir hendi. Hins vegar hefur staðið lengi til að fara í dreifnaframkvæmdir á bakhlið Skaftfells og var verkfræðistofan Efla fengin til að gera bæði verk- og kostnaðaráætlun til framkvæmdarinnar. Niðurstaðan var sú að framkvæmdirnar muni kosta samtals 2.118.000 kr. Skaftfell á inni 800 þúsund kr. hjá Minjastofnun sem fékkst 2018 sem nýttast eiga í þessar framkvæmdir auk þess sem enn er til afgangur upp á 1.5 milljón sem fékkst í gegnum byggðaáætlun árið 2018 og er eyrnamerktur í þetta verkefni. Lokaskýrsla hefur verið send inn vegna styrksins. Sunnuholtsbræður hafa verið fengnir í verkið og eru vonir bundnar um að þeim takist að hefja vinnu fyrir áramót. Sótt verður um í sjóð Minjastofnunar 1. desember fyrir lagfæringum á bakhlið íbúðar á þriðju hæð (timburgrind og bárujárn).

Gestavinnustofuíbúð á þriðju hæð er orðin lúin og þyrfti að pússa upp gólf, yfirfara glugga og skipta út ísskáp og uppþvottavél. Óvíst er hvenær hægt verður að fara í þessi verkefni en til þess þyrfti aukið fjármagn og mannskap.


Leigusamningi Bistrósins við Húsaótel var rift á þeim forsendum að nýr aðili væri tekinn við rekstrinum í umjón leiguaðila. Þótti stjórn Skaftfells heppilegra að gera beinan samning við nýjan rekstraraðila, Hauk Óskarsson, eiganda Seyðis ehf. Uppsagnarfrestur eru þrjú mánuðir og lýkur því samstarfi við Húsaótel 31. desember en nýr samningur við Hauk Óskarsson er í bígerð og áætlað að hann taki við rekstrinum 1. janúar 2021. Ákveðið var að byrja með að gera eins árs samning við Hauk.

## Gestavinnustofur og vinnuaðstaða

Miklar hreyfingar áttu sér stað í tengslum við leigð húsnæði; eigendaskipti urðu á húseigninni að Norðurgötu 5 og þar sem nýr eigandi fór fram á umtalsverða hækkun á leigu ákvað Skaftfell að endurnýja ekki leigusamning. Leigutímabili í tengslum við Norðurgötu 5 lauk í lok apríl á þessu ári. Skaftfell gerði ársbundinn samning við Halldóru Malin Pétursdóttur um eign hennar á Vesturvegi 13. Hins vegar var leigusamningi við eiganda Brekku á Austurvegi 44b sagt upp tímabundið vegna heimsfaraldursins. Sá möguleiki er fyrir hendi að leigja aftur Brekku á næsta ári ef aðstæður batna.

Frá október 2016 hefur Skaftfell í samfloti með hópi einyrkja og smáfyrirtækja starfrækt frumkvöðlasetur að Öldugötu 14 sem fékk nafnið Öldugata. Um mitt ár hættu þónokkrir einyrkjar að leigja aðstöðu og í kjölfarið var lítil sem engin eftirspurn eftir slíku rými þrátt fyrir að laus rými væru auglýst. Áður en ljóst var að Skaftfell hlyti viðbótarfjármagn hugleiddu forstöðumenn að segja upp leigu og flytja skrifstofu í Skaftfell. Á endanum kom Seyðisfjarðarkaupstaður til móts við bága stöðu Skaftfells og felldi niður leigu frá 1. október til 31. desember. Með haustinu hafa borist nokkrar fyrirspurnir um rými frá einyrkjum og er staðan sú að á nýju ári er útlit fyrir að Öldugata verði fullnýtt. Forstöðumenn hafa þó ákveðið að halda áfram umsýslu frumkvöðlasetursins enda rýmið þar hentugra fyrir starfstaðstöðu og geymslu á alls kyns dóti sem fylgir sýningarhaldi. Einnig hefur þónokkur samvinna verið með Ingva Erni Þorsteinssyni, starfsmanni Austurbrúar, í kringum BRAS og listfræðsluverkefni Skaftfells og hefur því komið sér vel að vera í sama húsi. Fyrirhugað er að endurnýja samning um Öldugötu frumkvöðlasetur við nýsameinað sveitarfélag á nýju ári. Farið hefur verið í framkvæmdir við að hólfa betur rými á 1. hæð svo að það nýtist betur.

## Innlent samstarf



Skaftfell endurnýjaði samstarf sitt við LHÍ og bauð upp á tveggja vikna vinnustofu fyrir nemendur úr öllum deildum skólans með áherslu á prenti og bókverki í umsjón listamannsins, Sigurði Atla Sigurðssonar, sem einnig er kennari í LHÍ, auk FOSS editions sem staðsett er á Seyðisfirði og í samvinnu með Tækniminjasafninu. Hópurinn kom snemma í janúar á þessu ári og opnaði sýninguna *Pressu* 17. janúar. Áhersla var einnig lögð á að nemendur lærðu að setja upp prent- og vinnuástöðu og ynnu við þau skilyrði sem takmarkanir í litlum bæ úti á landi setja þeim og ræður jafnvel oft úrslitum um útkoma verka þeirra. Samstarfið gekk mjög vel og áhugi hjá öllum aðilum að endurtaka leikin á nýju ári.

Samvinna milli hinna tveggja menningarmiðstöðva sem starfa í fjórðungnum hefur undanfarið styrkst í gegnum BRAS enda eiga þær allar hver sinn fulltrúann í stýrihóp hátíðarinnar. Þegar heimsfaraldurinn lét á sér kræla voru haldnir þó nokkrir fundir á vegu Austurbrúar til að bera saman bækur og koma með hugmyndir að útfærslum vegna þeirra samkomutakmarkanna sem áttu sér stað. Miðstöðvarnar sóttu t.a.m. sameiginlega um í Nýsköpunarsjóð til að fjármagna laun nemanda við listfræði í HÍ eða úr listadeild LHÍ til að koma austur og rannsaka og gera úttekt á utilistaverkum á öllu Austurlandi. Ekki fékkst styrkurinn en hugmynda- og umsóknarvinna þettaði betur raðir miðstöðvanna og styrkti sambandið. Ekki er útilokað að halda þessu verkefni áfram á lofti. Samráðsfundur miðstöðvanna var nýverið haldinn í Skaftfelli þar sem Hanna kynnti starfsemi Skaftfells og enn frekar rætt um mögulega samvinnu. Áætlað er að heimsækja hinar miðstöðvarnar snemma á næsta ári.

## Geirahús og verslun

Geirahús heldur áfram að vera falinn gimsteinn í firðinum og hefur verið visst vandamál að finna þó ví farveg hvað varðar opnunartíma og leiðsögn. Ákveðið var að auglýsa opnunartíma einu sinni í viku og tengja hann við tónleikaröð bláu kirkjunnar á miðvikudögum þ.e. gestir kæmu þá í 20 mínútna leiðsögn um húsið áður en þau færu á tónleika. Auglýst var á Hótel Öldu og Bistrói Skaftfells en þátttaka var dræm. Þegar fór að bera á annari bylgju covid smita var ákveðið að hætta tímabundið að bjóða upp á leiðsagnir enda húsið lítið og erfitt að halda fjarlægð milli gesta. Vonast er eftir að glæða betur aðsókn á næsta ári en finna þarf um leið ákveðið jafnvægi þar sem húsið þolir illa mikinn ágang.

Enn hefur ekki verið gert við glugga eins og staðið hefur til árum saman. Áætlað er að sækja um styrk hjá Minjastofnun á þessu ári. Einnig hafa verið upp hugmyndur um að virkja ættingja og vini Geira og að búa til söfnunarsjóð í formi árlegs félagsgjald sem gæti hlaupið undir baggann til að fjármagna eðlilegt viðhald á húsinu.

Verslun í Skaftfelli opnaði um leið og sumarsýningin og voru opnunartímar samhliða opnunartíma sýningarsalsins og Bistrósins; miðvikudaga - sunnudaga kl. 12:00-17:00. En þegar bera fór á fjölgun smita var ákveðið að loka henni til að fækka sameiginlegum snertiflötum á milli gesta.

### Sýningarhald og viðburðir

Árið var fremur óvenjulegt hvað sýningarhald og viðburði varðar. Einungis voru framleiddar og settar upp þrjár myndlistasýningar í sýningarsalnum (miðað við fimm sýningar í venjulegu árferði) en hins vegar voru settar upp tvær stuttar sýningar utan dagskrár; STADUR\_ sem var samsýning fjögurra gestalistamanna sem dvöldu í Skaftfelli fyrri hluta árs og svo sýningin Tíra með ljósmyndaseríu eftir Bjargeyju Ólafsdóttur sem dvaldi í gestavinnustofu í maí. Einnig tóku tveir gestalistamenn þátt í List í ljósi; Hyun Ah Kwon (KR) sýndi verkið Innsýn og Kristen Mallia (US) bjó til vídeóverk með nemendum í 3. bekk Seyðisfjarðarskóla.

Sýningar á Vesturveggnum í Bistróinu voru endurlífgaðar árið 2019 og héldu áfram á þessu ári. Alls sýndu þrjú listamenn á árinu og fyrirhugað að bæta þeim fjórða við í byrjun desember. Fyrirkomulagið er á þann veg að dagskráin er ekki niðurnegld yfir árið og því tækifæri fyrir gestalistamenn að sýna verk sín. Einnig er VV vettavangur fyrir listamenn á svæðinu til að sýna verk sín. Ekki er hægt að greiða listamönnum að svo stöddu en leitað er leiða til að bæta úr því.

Forsvarsmenn Bistrósins í Skaftfelli ákváðu að halda eldhúsinu ekki opnu yfir sumartíma en féllust á að deila með Skaftfelli kostnað eins starfsmanns til að sitja yfir sýningu og verslun á annarri hæð og afgreiða einnig drykki og kökur í Bistrói. Unnur Birna Jónsdóttir Backman var ráðin af hálfu Seyðisfjarðarkaupstaðar í gegnum úrræði Vinnumálastofnunar vegna Covid sem styrkti starfið að hluta til og lagði Skaftfell til það sem upp á vantaði ásamt Bistró Skaftfells. Sumarstarfsmaðurinn deildi því starfi sínu á milli móttöku í sýningarsal og afgreiðslu í Bistrói.

Fjöldi gesta var töluvert lægri en í venjulegu árferði auk þess sem sýningarhald féll niður á vori vegna heimsfaraldurs. Áætlaður gestafjöldi frá miðjum júlí og fram um miðjan september er um 2500 gestir og að megninu til voru það Íslendingar enda minna uma erlenda ferðamenn í ár.


Sýningarsalurinn er almennt opin yfir veturinn kl. 12:00-21:00 á virkum dögum en kl. 15:00-21:00 um helgar. en á sumrin frá kl. 12:00-18:00.



## Sýningardagskrá í sýningarsal

### Pressa

17. janúar – 1. mars, 2020



Sýning með nemendum Listaháskóla Íslands: Alexander Jean de Fontanay, Anna Rósildur B. Böving, Arnar Hjartarson, Aron Freyr Kristjánsson, Elxa Sarlote Matvaja, Joe Keys, Lúkas Björn Bogason, Maxime Smári Olson, Móna Lea Óttarsdóttir, Paula Zvane, Ragnheiður Stefánsdóttir, Saga Guðnadóttir, Tryggvi Þór Pétursson, Unnur Birna Jónsdóttir Bachman, Victoria Versau, Þórunn Dís Halldórsdóttir.

Sýningarstjórar: Sigurður Atli Sigurðsson, Gavin Morrison, Litten Nyström og Linus Lohmann.

*Sýningin var afrakstur prentvinnustofu sem hófst 6. janúar og fór fram á Seyðisfirði og voru þátttakendur 14 nemendur úr ýmsum deildum LHÍ auk tveggja skiptinema. Með prentvinnustofunni gafst nemendum tækifæri til að öðlast dýpri skilning á prentferlinu og kynna lykilhugmyndum við útfærslu prentverka undir handleiðslu starfandi myndlistarmanna og sérfræðinga í grafík. Ahersla var jafnframt lögð á hvernig setja á upp einfalda silkiprykkaðstöðu.*



Haldið í samvinnu við Listaháskóla Íslands, Tæknimínjasafn Austurlands og Foss editions.

Styrkt af Uppbyggingarsjóði Austurlands, Omnom og Tehúsinu.

### Staður\_ (utan dagskrár)

17. - 20. mars, 2020

Julian Harold (FR), Hyun Ah Kwon (KR), Kristen Mallia (US) og Kirsty Palmer (UK), gestalistamenn.






Vegna heimsfaraldursins kom upp sú staða um vorið að sýningarsalurinn stóð tómur og ákváðu fjórir gestalistamenn sem náðu mjög vel saman að nýta tækifærið til að sýna afrakstur dvalar sinnar og varð til mjög metnaðarfull sýning.

*Sýningin STAÐUR\_ er viðbragð listamannanna við kynni þeirra á stað og rými með því að skoða ferli, efni og tíma. Hver listamaður notaði mismunandi miðil og tækni og velti fyrir sér hugmyndinni um samsetningu rýmis; jaðra þess og rýmisins inni á milli, auk skírskotanna til sögu og minninga. Verkin, sem oft eru endurspeglandi, eru ekki eingöngu safn upplifanna hvers listamanns á staðnum heldur búa þau einnig til vettvang fyrir samfund innan sýningarýmmissins og skap þannig yfirfærslu milli listar, rýmis og áhorfanda.*

## Tíra (utan dagskrár)

15. - 30. maí, 2020

Bjargey Ólafsdóttir, gestalistakona



Sýningin Tíra samanstendur af ljósmyndaröð sem listamaðurinn tók þegar hún dvaldi í gestavinnustofu Skaftfells árið 2008. Sýningin var unnin í samstarfi með Menningarstofu Fjarðarbyggðar og var hún einnig sett upp í Neskaupsstað í júní á þessu ári.


*„Listsköpun Bjargeyjar Ólafsdóttur er ekki budin við einn listmiðil heldur velur hún sér þann miðil sem henni finnst henta hugmyndinni best hverju sinni. Það má því líkja henni við alhliða hljóðfæraleikara því Bjargey fæst við kvikmyndagerð, hljóðverk, gjörninga, teiknar, málar og ljósmyndar. Í þetta skipti er það einmitt ljósmyndin sem hún beinir athygli að.“ Jóhanna G. Arnadóttir*

## Mon ciel, mi cielo. Hvað ertu raunverulega að meina?

17. júní – 24. september, 2020

Ingibjörg Sigurjónsdóttir

Sýningarstjóri Gavin Morrison.



Sumarsýning Skaftfells 2020 var í höndum myndlistarmannsins Ingibjargar Sigurjónsdóttur sem býr og starfar í Reykjavík. Hún sýndi eigin verk í formi teikninga, stafræna prentun og skúlptúra ásamt völdum verkum eftir listmálarann og leirlistamanninn Benedikt Guðmundsson (1907-1960), en Ingibjörg ólst upp innan um verk hans sem prýddu heimili afkomenda hans sem eru nánir fjölskylduvinir Ingibjargar.

*Verk Ingibjargar snerta á „grunnviðleitninni til listsköpunar og undirstöðu myndlistar - línu, lit, myndbyggingu“ en eru um leið hluti af frásögn sem radast saman úr brotum sem glittir í. Benedikt vann ótullega, til hliðar við aðalstarf sitt kjötiðnaðarmaður, að list sinni og gerði áræðin málverk og fingerðar pasterteikningar auk þess sem hann rak leirverkstæðið Sjónarhól á árunum 1947-1952.*

Sýningin var styrkt af Uppbyggingarsjóði Austurlands og Myndlistasjóði.

## Prefab/Forsmið

26. september -20. desember, 2020

Listamenn: Arnór Kári Egilsson, Ingunn Fjöla Ingþórsdóttir, María Sjöfn Dupuis

Sýningarstjóri Guja Dögg Hauksdóttir



Á sýningunni Prefab/Forsmið eru tekin þrjú dæmi um forsmíðuð einingahús með þ að að markmiði að vekja athygli á áhrif byggingarlistar á líf okkar og þ á sérstaklega hvaða hlut einingahús geta átt í framtíð manngerðs umhverfis. Sýningarstjóri lét prenta út veglega bók með ítarlegum upplýsingum um sögu einingahúsa og um dæmin sem tekin eru fyrir á sýningunni.

*Einingahúsin sem fjallað er um á sýningunni eru frá seinni hluta 19. aldar til okkar daga. Hvert verk er einkennandi fyrir fagurfræðilega nálgun hvers tíma. Áherslan á fagurfræðilegan þ átt viðfangsefnisins er undirstrikuð með samspili þrívíðu innsetninganna við nýja myndlist eftir þrjá listamenn.*

Sýningin var styrkt af Uppbyggingarsjóði Austurlands, norska sendiráðinu og Byko.

## Viðburðir

### List í ljósi

#### Innsýn

Hyun Ah Kwon (KR), gestalistakona.  
Videóinnsetning hjá þjónustustöð  
tjaldsvæðis á Seyðisfirði, 13. og 14. feb

### List í Ljósi

#### Glitchkids

Kristen Mallia (US), gestalistakona,  
í samvinnu með nemendum í 3. bekk í  
Seyðisfjarðarskóla.  
Sýning, 13. og 14. feb í glugga Blóðbergs

### Listamannaspjall: STADUR\_

í sýningarsal Skaftfells  
Hyun Ah Kwon (KR), Julian Harold (FR), Kirsty  
Palmer (UK), Kristen Mallia (US),  
gestalistamenn

### Listamannaspjall: A place to be

Gudrun Westerlund (SE), gestalistakona.  
Myndbandsupptaka sem var  
aðgengilegá Instagram og Facebook

### Listamannaspjall: Tíra

Bjargey Ólafsdóttir, gestalistakona,  
í sýningarsal Skaftfells.  
Í samvinnu með Menningarstofu  
Fjarðabyggðar.

### Shore Power

Jessica Auer (CA)  
Sýning myndarinnar Shore Power  
Herðubreið , 1. júlí

### Rithöfundalest(ur) á Austurlandi

Upplestur fer fram á austurfrett.is fram að jólum.  
Í samstarfi við Menningarmálanefnd  
Vopnafjarðar, Gunnarsstofnun, Skaftfell og Umf.  
Egill Rauði.

### Gallerí Vesturveggur (Skaftfell Bistró)

#### (Matter/Efni)

Kirsty Palmer (UK), gestalistakona  
Sýning á ljósmyndaseríu, 5. maí - 15. júní

### Teikningar og tjáning í samkomubanni

Öllum var velkomið að skila inn teikningum í  
sérstakan söfnunarkassa á tímabilinu  
mars - apríl, 2020  
Sýning 17. júní - 1. júlí, 2020

### Að kveðjast og heilsast

Tinna Guðmundsdóttir (IS)  
Sýning á ljósmyndaseríu, 3. júlí - 16. ágúst

### Síðustu teikningar

Piotr Kolakowski (PL)  
Sýning á steinþrykksmyndum, 26. sept - 29. nóv

### Ljósmyndir

Rafael Vazquez (ES)  
Sýning á ljósmyndaseríu, 5. des - 10 feb

## Fræðslustarfsemi

### Samstarf við skólastofnanir á Austurlandi



Skaftfell stóð fyrir tólfta listfræðsluverkefningu sem nefndist Húsapúsl og var hannað og þróað af arkitektinum og rithöfundinum Guju Dögg Hauksdóttur sem jafnframt var sýningarstjóri Prefab/Forsmið enda verkefnið unnið í tengslum sýninguna. Verkefnið var auk þess hluti af BRAS og List fyrir alla. Áætlað var að nemendur á miðstigi í grunnskólum á Austurlandi kæmu í heimsókn í Skaftfell og fengju þar leiðsögn um sýningu og að stuttri listsmiðju. Einnig var búið að plana heimsókn í grunnskóla á Vopnafirði, Þórsöfn, Bakkafirði og í Öxarfirði. Einungis tveir skólar náðu að koma í heimsókn áður en sóttvarnaraðgerðir voru hertar. Í kjölfarið var ákveðið að búa til myndband um sýninguna og verkefnið í samvinnu með Ingva Erni Þorsteinssyni, starfsmann Austurbrúar, og senda það ásamt verkefningu á alla skóla á nýju ári.

Sú nýjung átti sér stað að nemendum við listadeild í Menntaskólanum á Egilsstöðum var boðið að taka þátt í fjögurra daga listsmiðju undir handleiðslu Guju Daggar. Náðist að halda smiðjuna, sem endaði með stuttri sýningu í anddyri Sláturhússins á Egilsstöðum, áður en samkomubann var hert. Smiðjan þótti mjög vel heppnuð og fóru viðtökur starfsmanna og nemenda í ME framúr öllum væntingum sem lyfti verkefningu upp á hærra plan. Við erum mjög spennt að nýta öll þau tækifæri sem gefast í framtíðinni til að halda áfram samstarfi við ME.

Markmið fræðsluverkefna Skaftfells er að búa til stuttar listsmiðjur á forsendum myndlistar sem kynna fyrir nemendum með ólíkum hætti hina fjölmörgu snertifleti myndlistar. Með því opnast fyrir þeim heimur fjölbreytileika sem skiptir m.a. máli þegar kemur að framtíðarvali þeirra í tengslum við nám og starf. Mikilvægt er að þau átti sig á því að leiðir að markmiðum eru óteljandi. Jafnframt eru smiðjurnar til þess fallnar að þjálfa menningarläsi ungmenna sérstaklega sem snýr að myndlist og sjónlistum.

### BRAS

Skaftfell hefur setið í stýrihóp BRAS frá upphafi og var hátíðin haldin í þriðja þriðja sinn með áherslu á „Réttur til að hafa áhrif“ sem byggir á 12. grein Barnasáttmála SP og var um leið gerð tilraun til að láta rödd unga fólksins heyrast með því að bjóða nokkrum nemendum á svæðinu að vera með í krakkaráði BRAS. Allur september var tileinkaður barnamenningu með fræðsluverkefnum og vinnustofum í skólum og opnum vinnustofum. Vegna heimsfaraldursins var dregið heldur úr opinberum viðburðum og fyrirhugaður „Hápunktur“ sleginn af.

## Samstarf við Seyðisfjarðarskóla


Ein listsmiðja var í boði fyrir nemendur í þriðja bekk í skólanum en gestalistakonan Kristen Mallia bauð nemendum upp á smiðju með þemanu ljós og myrkur í tengslum við listahátíðina [List í ljósi](#). Lokaútkoman var til sýnis á listahátíðinni sem haldin var í febrúar. Nemendum á efsta stigi var svo boðið að skoða sýninguna *Tíru* undir leiðsögn listamannsins Bjargeyar Ólafsdóttur og fengu auk þess leiðsögn og spjall með nemendum LHÍ við undirbúning á sýningunni *Pressu*.

## Samstarf við Listaháskóla Íslands



Nýtt námskeið í samvinnu með LHÍ, Tæknimínjasafninu og FOSS editions hóf göngu sína á árinu og nefnist Prentvinnustofan. Alls komu 14 nemendur sem dvöldu á Seyðisfirði í tvær vikur. Námskeiðið var leitt sem fyrr af Sigurði Atla Sigurðssyni, Litten Nyström og Linus Lohmann og lauk með opnun sýningarinnar *Press* í sýningarsal Skaftfells þann 17. janúar.

## Námskeið fyrir börn og fullorðna



Haldin voru tvö helgarnámskeið í silkiprykki og aðstaðan í sýningarsalnum sem sett var upp fyrir sýninguna *Pressu* nýtt undir það. Alls sóttu tíu manns námskeiðið sem var í boði fyrir bæði óreynda og lengra komna og var kennt af Linusi Lohmann. Ekki náðist að halda fleiri námskeið vegna samkomutakmarkana.

## Gestavinnustofur

### Umgjörð og fjöldi listamanna



Samdráttur var á árinu 2020 í komum gestalistamanna vegna heimsfaraldurs. Gestavinnustofum fækkaði úr þremur í tvær gestavinnustofu um mitt árið. Aðeins dvöldu 12 gestalistamenn yfir allt árið en í venjulegu árferði dvelja um 25 listamenn yfir árið. Alls bárust 67 umsóknir.

Gestalistamenn á árinu voru: Kristen Mallia (US), Kirsty Palmer (UK), Julian Harold (FR), Hyun Ah Kwon (KR), Lena Bushart (DE), Gudrun Westerlund (SE), Bjargey Ólafsdóttir (IS), Ósk Vilhjálmisdóttir (IS), Claudia Hausfeld (DE), Kristín Gunnarsdóttir (IS), Ioana Popovici (RO), Nara Walker (AU)

### Þematengd gestavinnustofa

Þematengda gestavinnustofan Wanderlust, í samvinnu með Ströndin studio á Seyðisfirði og undir handleiðslu Jessicu Auer (CA), var áætluð í júní á þessu ári og var búið að velja 7 alþjóðlega listmenn til þá áttöku. Gestavinnustofan var frestað um ár vegna covid. Auglýst var eftir umsóknum samhliða venjulega gestavinnustofukallinu. Alls bárust 42 umsóknir.

### Umsóknarferli fyrir 2021

Gestavinnustofur fyrir árið 2020 voru auglýstar í byrjun sumars og umsóknarfrestur rann út 1. sept. Alls bárust 201 umsóknir, þar af 53 fyrir almenna dvöl og 148 um dvöl með styrk frá Norrænu menningargáttinni. Í valnefnd sátu fulltrúar fagráðs, Ólöf Gerður og Karina Hanney og fengu þær greitt fyrir vinnu sína.

## Hugleiðingar

Líkt og svo oft áður var fjárhagsstaða Skaftfells í ár ekki beisinn enda fékkst ekki viðbótarfjármagn af fjárlögum ríkisins líkt og fengist hefur fyrri ár. Útlit var því fyrir, framan af ári, að loka þyrfti starfseminni síðari hluta árs til að endar næðu saman. Mikill tími fór í vekja athygli á vandanum fram eftir hausti en sveitasjórnarkosningarnar áttu þátt í að auðvelda aðgengi að frambjóðendum til að koma á framfæri endurtekinn fjármögnunarfunda stofnunarinnar. Flestir frambjóðendur virtust sammála um að fjármögnun Skaftfells væri ómarkviss og finna þyrfti betri leiðir. Forstöðumenn munu halda áfram samtal með nýsameinuðu sveitarfélagi í von um að finna stofnuninni farsælli lausn á þessum vanda. Sótt var um neyðarfjármagn til Mennta- og menningarmálaráðuneytisins sem á endanum fékkst, 5 milljónir, þ.a. hægt var að halda starfseminni óslitinn áfram út árið.

Rekstrarárið 2019 skilaði afgangi upp á rúmar 10.5 milljónir sem skýrist vegna þess að Skaftfell hlaut 15 milljónir af fjárlögum ríkisins (í stað 10 milljóna) og 7.5 milljónir í gegnum byggðaáætlun seint á árinu 2018. Þessi afgangur var nýttur á þessu ári í almennan rekstur og hjálpaði til við að fresta rekstrarvanda. Með því að nýta afganginn í hallarekstur núverandi árs tapaðist hins vegar dýrmætt tækifæri til að fara í aðkallandi framkvæmdir á húsnaði Skaftfells að Austurvegi 42. Síendurtekin rekstraróvissa innan stofnunarinnar gerir það að verkum að nýting þess fjármagns sem þó næst er ómarkvissari en ætla mætti, svo ekki sé minnst á allan þann tíma sem fer í að leita eftir aukfjármagni sem í staðinn gæti farið í listræna þróun, skerpingu á starfseminni og gera listrænum verkefnum veglegri skil.

### Fylgiskjöl

1. Starfsáætlun 2021
2. Rekstraráætlun 2021